

hann umsjón yfir því, annast um útlán bókanna, samkvæmt reglugjörð, er um það hefir verið sett, m. fl.

1860.
13. júní.

Enn skal því við bætt, að ekkert annað bókasafn á Íslandi kemst í neinn samjöfnuð við stiptsbókasafnið að stærð; það er og hið eina bókasafn, sem hefir fyrir mark og mið að efla menntun á gjörvöllu landinu; en til eru önnur söfn, sem aðeins eru ætluð amti eður minna héraði. Stjórnardeildin verður því að láta í ljósi það álit sitt, að eptir því sem að ofan er greint sè stiptsbókasafnið þannig á sig komið, að vert sè að mæla fram með því, að það fái ritið um dómkirkjuna í Þrándheimi, svo og að bókasafn þetta verði tekið til greina seinna meir, þá er líkt kann að standa á.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 20. júní.
 norður- og austurumdæminu, um styrk handa
 ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns
 í Eyjafjarðar sýslu.

Eptir bænarskrá, er þær, herra amtmaður, hafð sent hingað með bréfi 11. febrúarm. þ. á., hefir dómsmálastjórnin veitt Valgerði Árnadóttur á Grund, ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði landsins.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til auglýsingar.

34. Opið bréf frá dómsmálastjórninni til allra yfir- 20. júní.
 valda á Færeyjum og Íslandi, um ferð Allen
 Young's skipstjóra í norðurhöfin.

Einsog dómsmálastjórnin þegar í opnu bréfi 9. þ. m. hefir skorað á öll yfirvöld á Færeyjum og Íslandi, að láta *Sir Leopold*